

Alþingi
Erindi nr. P 136/877
komudagur 18.2.2009



FRV
Félag
ráðgjafar-
verkfræðinga

Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

EFNI: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisauka-
skatt, með síðari breytingum – þingskjal 515, 289. mál.

Arkitektafélag Íslands, Félag ráðgjafarverkfræðinga, Félag sjálfstætt starfandi arkitekta, Verk-
fræðingafélag Íslands, Stéttarfélag verkfræðinga og Tæknifræðingafélag Íslands láta hér með í
té sameiginlegt álit á ofangreindu lagafrumvarpi.

Í athugasemdum við umrætt frumvarp til breytinga á lögum 50/1988 kemur eftirfarandi fram,
með undirritun undirritaðs:

Markmiðið með slíku ákvæði til bráðabirgða er að koma til móts við húsbýggjendur
sem eiga í erfiðleikum vegna yfirstandandi efnahagsþrenginga, sporna við svartri at-
vinnustarfsemi og hvetja til aukinnar starfsemi á byggingarmarkaði. ... Að sama skapi
getur hækkunin dregið úr greiðslum vegna atvinnuleysisbóta vegna aukinna fram-
kvæmda.

Með vísan til allra þeirra sömu raka og liggja til grundvallar frumvarpi því sem hér er til um-
fjöllunar er farið fram á að breytingarnar verði einnig látnar ná til virðisaukaskatts af vinnu
arkitekta, verkfræðinga og tæknifræðinga við hönnun íbúðarhúsnæðis og eftirlits með bygg-
ingarframkvæmdum einstaklinga. Til viðbótar og áhersluauka við þær röksemdir sem fram
koma í athugasemdum með frumvarpinu er vísað til eftirfarandi:

1. Samdráttur í störfum arkitekta, verkfræðinga og tæknifræðinga er líklega meiri en
há vel flestum öðrum stéttum samfélagsins, enn sem komið er. Af þeim stéttum er
koma að verklegum framkvæmdum þá eru arkitektar, verkfræðingar og tæknifræð-
ingar fyrstir til að finna fyrir samdrætti þar sem hönnun af þeirra hálfu er oftast en
ekki nauðsynlegur undanfari hinna verklegu framkvæmda. Mjög brýnt er að gripið
verði til aðgerða til þess að örva umsvif á verksviðum umræddra stétta.
2. Rök að baki endurgreiðslu virðisaukaskatts lúta fyrst og fremst að atriðum er snúa að
þjónustuveitandanum, ekki greiðanda skattsins sbr. að sporna við svartri atvinnu-
starfsemi og hvetja til aukinnar starfsemi á byggingarmarkaði. Vinna arkitekta,
verkfræðinga og tæknifræðinga í þágu einstaklinga er í engu frábrugðin vinnu verk-
taka þegar litið er til tilgangs ákvæðisins. Með hliðsjón af jafnræðisreglu íslenskrar
stjórnskipunar ber að láta umrætt skattahagræði gilda jafnt um alla í hliðstæðri stöðu.
Umsagnaraðilar vísa í þessu sambandi til 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og
viðurkenndrar ólögfestar meginreglu íslenskrar stjórnskipunar um jafnræði þegn-
anna.
3. Miklar uppsagnir á arkitekta- og verkfræðistofum munu nær örugglega leiða til auk-
innar svartrar atvinnustarfsemi í umræddum atvinnugreinum. Fyrirtæki sem verða
áfram í rekstri munu því eiga erfitt uppdráttar í „samkeppni“ við hina svörtu starf-



semi þegar kemur að vinnu fyrir einstaklinga. Endurgreiðsla virðisaukaskatts mun hafa hér nákvæmlega sömu jákvæðu áhrifin og í tilfelli verktaka.

4. Endurgreiðsla virðisaukaskatts af starfsemi arkitekta, verkfræðinga og tæknifræðinga mun lækka kostnað eigenda íbúðarhúsnæðis við nýbyggingar og endurbætur og örva þannig enn frekar starfsemi á byggingamarkaði. Að auki mun breytingin jafnframt ýta undir fagleg vinnubrögð þar sem síður verður leitast við að „spara“ í nauðsynlegum undirbúningi framkvæmda.

Með hliðsjón af framangreindum athugasemdum og tillögum til breytinga styðja tilgreind hagsmunafélög arkitekta, verkfræðinga og tæknifræðinga breytingar þær sem frumvarp á þingskjal 515, 289. mál, hefur að geyma.

Óskað er eftir að fulltrúar þeirra félaga er standa að umsögn þessari fái að koma á fund efnahags- og viðskiptanefndar til þess að koma á framfæri frekari athugasemdum við frumvarpið og röksemdum fyrir þeim tillögum að breytingum sem eru að finna í bréfi þessu.

Reykjavík, 18. febrúar 2009

Fyrir hönd umsagnaraðila,

Magnús Baldursson

framkvæmdastjóri FRV